


Skýrsla til stjórnar félagsins um starfsemina á árinu 2009.

Á skýrslufundi (aðalfundi) fyrir árið 2008 sem haldinn var 12. febrúar 2009 voru eftirtalin kjörin í öldungaráð fyrir árið 2009:

Ágúst Úlfar Sigurðsson, Jóhann Gunnarsson, Sigurður Bergsveinsson, Þorsteinn Hallgrímsson og Örn Kaldalóns. Bergþóra Ketilsdóttir er varamaður. Óttar Kjartansson, sem setið hefur í stjórn frá upphafi óskaði eftir að draga sig í hlé. Var honum þakkað starf hans í anda faghópsins, sem meðal annars fólst í samantekt á sögu Skýrr, er kom út á bók 2002, og stuðningur við félagið, sem það vonandi fær notið enn lengi.

Félagsstarf

Félagsfundur var haldinn 28. október í húsakynnum Vigors ehf að Borgartúni 37. Er fyrirtækinu og framkvæmdastjóra þess Sigurði Bergsveinssyni, þakkað fyrir rausnarlegan hádegisverð, fræðslu um fyrirtækið og sýningu á áhugaverðu safni Sigurðar af tölum frá IBM, en hluti safnsins var sýndur í Þjóðarbókhöllu árið 2008 sem liður í afmælishaldi Skýrslutæknifélagsins. Þrettán öldungadeildarfélagar sóttu þennan fund. Aðeins þessir tveir fundir voru haldnir á árinu.



Grafið hér til vinstri sýnir fundarsókn á almenna félagsfundi 2006 til 2009. Ánægjulegt er að sjá fundarsókn aukast á ný þó ekki sé gjörla vitað hvað veldur eða hvort sú þróun er varanleg. Með tilliti til yfirstandandi deilna um það hvort lesa megi út úr svipað útlítandi gröfum að hlýnað hafi eða kólnað í heiminum á þeim tíma sem hér um ræðir verður ekki frekar spáð í myndina í bili.

Þegar meta skal hversu miðað hafi á verksviði félagsins, „*varðveislu sögulegra gagna og heimilda, í hvaða formi sem er, um vélræna gagnavinnslu og notkun upplýsingatækni á Íslandi*“ verður að

hafa hugfast að verkefnið er víðtækt og afrakstur heimildasöfnunar verður ekki sýnilegur fyrir en aðstaða fæst til að koma minjum fyrir á aðgengilegum stað. Á meðan slíkur staður er ekki fyrir hendi er unnið á ýmsum vettvangi að verkefnum sem gætu orðið stofn að safni þegar tekst að koma þeim saman í eina heild. Samanborið við 2008 var árið 2009 fremur viðburðalítið. Hér á eftir verður minnst á nokkur atriði sem unnið hefur verið að.

Svo sem jafnan hefur verið gert í ársskýrslum skal enn skorað á alla sem minningar eiga óskráðar, eða minjar, að koma þeim á framfæri með einhverjum hætti.

Söguvefur

Söguvefurinn hefur ekkert aukist á liðnu ári. Vegna breytinga á árinu á vefbúnaði SKÝ hefur formaður misst aðgang að þróunarsniði vefsins (en fengið hann aftur nú rétt fyrir skýrslufund). Er það auðvitað engin afsökun, en nýtt efni hefur látið á sér standa. Drög hafa þó verið lögð að því að fá tiltækt efni um það frumherjastarf sem fólst í notkun BBC og Acorn-tölva í skólum, einkum á Norðurlandi Eystra, til birtingar. Eitt af því sem hafa þarf augun opin fyrir er að efni tengt sögu upplýsingatækninnar kemur við og við fram á öðrum vettvangi en okkar. Dæmi um það er <http://www.fsfi.is/2009/10/saga-frjals-hugbunaðar-a-islandi/>, grein eftir Tryggva Björgvinsson, sem reyndar er enn ekki fullfrágengin. Við fáum heimild til að setja tilvísun á hana þegar Tryggvi er orðinn ánægður með útkomuna.

Annað dæmi er að finna í Fréttablaðinu 14. janúar 2010, en þar segir frá ungum manni, Gunnari Guðjóni Ingvarssyni, sem safnað hefur yfir 200 tölvum, aðallega leikjatölvum.

HiNC-3

Svíar hafa boðið til ráðstefnu árið 2010, nánar tiltekið í Stokkhólmi dagana 18. - 20. október. Þrír Íslendingar, Jóhann Gunnarsson, Páll Jensson og Stefán Pálsson hafa verið tilnefndir í dagskrárnefnd ráðstefnunnar. Faghópurinn hefur staðið að kynningu á ráðstefnunni eftir tiltækum leiðum og hvatt til þess að hérlendir höfundar sendi inn erindi.

Minjasöfnun

Af þessum lið er lítið að segja. Ekki hefur enn verið gengið eftir því að fá hjá Landsbankanum efni sem Sveinbjörn heitinn Guðbjarnason hafði gengið frá áður en hann lést og vildi að kæmist í hendur Öldungadeildar ásamt öðru efni frá honum um tölvubúnað og hugbúnað bankans. Bréfi okkar til bankans frá 2008 hefur heldur ekki verið svarað.

Þess má geta að gripir sem safnast höfðu á vegum félagsins í geymslu hjá Ættfræðipjónustunni í Skerjafirði voru fluttir til Vigor í Borgartúni. Það voru bæði kassar með bókum og einar fjórar tölvur af gerðinni IBM PC-XT, ásamt IBM Proprinter, PS/1, PS/2 (Aptíva) og Ambra PC.

Æskilegt er að Öldungadeildin fylgist með fréttum eins og getur að líta í Fréttablaðinu 14. janúar 2010, en þar segir frá ungum manni, Gunnari Guðjóni Ingvarssyni, sem safnað hefur yfir 200 tölvum, aðallega leikjatölvum.

Húsnæðismál

Enn er eitt ár liðið án þess að miðað hafi í húsnæðismálum fyrir upplýsingatæknisafn.

Horfinna minnst

Á félagsfundinum 28. október minntist formaður fjögurra manna sem látist höfðu á árinu fram til þess tíma og komið við sögu upplýsingatækninnar að hans mati með þeim hætti að því mætti halda til haga á þessum vettvangi. Hér skal birt það sem bókað var í fundargerð félagsfundarins.

Baldur Jónsson málfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands lést 28. júní. Hann stjórnaði fyrstu máltölvunarrannsóknum hér á landi á árunum 1973 til 1980 og stóð fyrir tölvuvinnslu orðstöðulykla að nokkrum íslenskum ritum; þar á meðal eddukvæðum

Konungsbókar 1984 og íslensku Biblíuútgáfunni frá 1981. Hann var mikilvirkur í nýyrðagerð og sat meðal annars í orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands frá 1976 til dauðadags. Baldur var heiðursfélagi SKÝ frá 1997.

Hilmar Bjarnason sendibílstjóri lést 9. júní. Hann vann meðal annars við píanóflutninga og hafði ráð á mönnum þjálfuðum við burð á þungum stykkjum við þröngar aðstæður. Með flokki sínum annaðist Hilmar á árabílinu 1960 - 70 flutninga á gagnavinnsluvélum fyrir IBM, járnhlunkum allt að tonni á þyngd, upp erfiða stiga, inn um glugga eða hvar sem komast mátti.

Hörður Arinbjarnar lést 2. júní. Hann var í allmörg ár kerfisstjóri 1620-tölvu Reiknistofnunar Háskólans. Í þann tíð komu verkefni að tölvunni í formi bunka af gatspjöldum. Væri villa í forriti eða gögnum varð að byrja upp á nýtt, en biðraðir stundum nokkuð langar er stúdentar komu með verkefni úr námskeiðum. Hörður hélt uppi stífum en mildum aga og reglu í umgengni háskólanema við tölvuna.

Sveinbjörn Guðbjarnason lést 19. febrúar. Hann var meðal fyrstu starfsmanna tölvudeildar Landsbankans, lengi forstöðumaður hennar, en síðar útibússtjóri. Síðasta verk hans, unnið eftir að hann lét af störfum sem útibússtjóri og allt þar til yfir lauk var að hirða um mikið safn bankans af vélbúnaði sem notaður hefur verið við rekstur hans á þeim liðlega 120 árum sem saga hans nær yfir. Þar á meðal eru auðvitað tölvur því að bankinn tók snemma upplýsingatækni í sína þjónustu. Margt af þessum búnaði var til sýnis á afmælissýningu bankans í Morgunblaðshúsinu á afmælisárinu. Ásamt öðrum miðlaði Sveinbjörn sýningargestum af fróðleik sínum, en hann varð við annan mann fyrsti starfsmaður tölvudeildar bankans, líklega árið 1966. Eftir að sýningunni lauk var safnið allt skráð, merkt og pakkað á vörubretti sem komið var í geymslu. Sveinbjörn sá um þetta verk en skrifaði auk þess greinargerðir um ýmsa þætti tölvuvæðingar í bankanum.

Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands hefur það að markmiði að stuðla að varðveislu minja um sögu upplýsingatækninnar á Íslandi. Nærri má því geta að þetta verk og sú alúð og nákvæmni sem Sveinbjörn beitti við það var okkur að skapi, enda sá hann til þess að félagið gæti fylgst með verkum hans og hafði milligöngu um að félaginu yrðu afhentar skrár og myndir ásamt nokkrum minjum úr skjalasafni bankans. Fyrir þetta er félagið afar þakklátt bæði honum og bankanum. Vonandi fáum við í safn okkar þau ritverk Sveinbjörns sem enn bíða heimildar bankans til afhendingar. Vonandi bera eigendur Landsbankans í nútíð og framtíð gæfu til að meta að verðleikum menningargildi vélasafnsins og búa því stað til frambúðar. (Minningargrein JG um Sveinbjörn)

Sveinbjörn var félagi í Öldungadeild frá upphafi. Til stóð að skrá Baldur Jónsson í félagaskrá en af því varð ekki áður en hann féll frá.

Ástæða þykir til að minnast með örfáum orðum enn eins frumherja, Stefáns Aðalsteinssonar búfjárfræðings, er lést 5. nóvember. Hann varð einna fyrstur íslenskra vísindamanna til að nýta sér upplýsingatækni við úrvinnslu rannsóknargagna, komst meðal annars að því fyrir daga tölvanna að nota mátti gatspjöld og raðara til að flýta fyrir í tölfræðivinnslu. Og þegar tölvur komu til skjalanna var hann tilbúinn. Ottó A. Michelsen

gekkst fyrir því árið 1963 að hingað til lands var fengin til sýninngar tölva af gerðinni IBM 1620. Haldið var námskeið í forritunarmálinu Fortran og þátttakendur fengu tækifæri til að prófa forrit sín. Stefán átti gögn tilbúin, en hann vann meðal annars að rannsóknum á erfðum sauðalita og varði síðar doktorsritgerð um það efni við Edinborgarháskóla. Hann sat við tölvuna eina nótt á meðan hún stóð við á Íslandi og kvaðst að morgni hafa unnið um nóttina verk sem ella hefði tekið sig heilt ár. Stofnendur Öldungadeildar hefðu gjarnan viljað fá Stefán í raðir sínar en hann hafði þá þegar misst heilsuna.

Lokaorð

Á árinu 2009, nánar til tekið 22. júní, varð Öldungadeildin 5 ára án þess að nokkur myndi eftir því, og það þrátt fyrir heitingar í síðustu ársskýrslu um að nú væri tækifæri til að minna á málefnið. Ekki verður sagt að kreppan valdi því hve lítið efni er í þessar skýrslu. Engir peningar fara um hendur faghópsins og hann á enga sjóði, en þannig hefur það verið frá upphafi. Væntanlega yrði þó enn erfiðara en áður að fá styrki til framkvæmda eða einstakra verkefna ef á myndi reyna. Til dæmis gæti orðið erfitt að fjármagna ferðir hugsanlegra fyrirlesara á HiNC3 ef erindi hérðan skyldu verða tekin á dagskrá.

Öllum sem sótt hafa fundi og/eða lagt starfi Öldungadeildar Skýrslutæknifélags Íslands lið á árinu 2009 skal hér með þakkað af alhug.